



## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ  
Laugardalur Sport Center  
Engjavegur 6, 2nd floor  
104 Reykjavik, Iceland  
+354 514-4100  
kki@kki.is

### 7. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 4. september 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður, Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Herbert Arnarson (HA), Jón Bender (JB) og Einar Hannesson (EH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri KKÍ sat fundinn.

Forföll boðuðu: Guðrún Kristmundsdóttir (GK) gjaldkeri, Ágúst Angantýsson (ÁÁ) og Heiðrún Kristmundsdóttir (HK)

HSJ ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt og verður birt á kki.is

#### 2. Staðan í samningamálum við dómara

Samninganefnd félaga og dómara hefur verið að hittast undanfarna mánuði. EH fór yfir stöðuna.

Eftirfarandi póstur verður sendur af framkvæmdastjóra á samninganefnd félaganna og dómara með afriti á formenn aðildarféлага KKÍ og stjórn KKDÍ að loknum stjórnarfundum:

Stjórn KKÍ áréttar að samninganefnd aðildarféлага KKÍ í málefnum dómara hefur fullt og óskorað umboð til að semja við samninganefnd KKDÍ um gjaldskrá, ferðakostnað, faglega umgjörð og aðra þætti er snúa málefnum körfuknattleiksdómara. Stjórn bindur vonir við að samningar náist hið fyrsta og mun ekki hindra framgang þess samkomulags sem næst við samningaborðið

#### 3. Erindi frá Vestra

Mótanefnd leggur til við stjórn að erindi Vestra sé samþykkt og að formanni nefndarinnar og mótastjóra sé falið að klára breytingu á reglugerð í samræmi við erindið. Samþykkt.

#### 4. Fundur með formönnum Subwaydeildarliðum karla og kvenna 1. september

Góður fundur, samþykkt að taka annan fund um miðjan október með Subwaydeildarliðunum og fleiri fundi í kjölfarið þegar á þarf að halda.

#### 5. Formannafundur 1. september

Góð mæting og fínar umræður.

## 6. Unglingaráðsfundur 2. sept.

Mjög góður fundur og góð mæting.

Fulltrúar félaganna samþykktu nánast einróma að óska eftir eftirfarandi breytingum á reglugerð við stjórn KKÍ.

Fyrri breytingin á við um 31., 32., 39. og 40. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót og sú seinni á við um fyrrgreindar greinar ásamt greinum 33., 34., 41. og 42.

1. Annars vegar breyting á leiktíma flokkanna. Í dag eru leikir 4x6 mínútur, en að leikir verði lengdir í 4x8 mínútur.
2. Hins vegar að „no referee handle“ reglan verði tekin upp í fyrrgreindum flokkum við leikbrot eða þegar bolti fer út af á bakvelli/varnarvelli.

Þar sem þetta var einróma niðurstaða félaganna þá samþykkti stjórn þessar breytingar og var skrifstofu falið að gera þær breytingar sem þarf og tilkynna formlega sem allra fyrst til aðildarfélaganna.

## 7. Upplýsingar

GNE og HSJ fóru yfir nokkur mál til upplýsinga fyrir stjórn.

## 8. Önnur mál

- a) Næsti fundur verður mánudaginn 2. október kl.17:00.

**Fundi slitið 19:05**